

Skattar eða skatttekjur?

Skattadagur Deloitte 12. janúar 2010

Af hverju þarf hærri skatta?

- Bankahrunið hefur leitt til mikils hallareksturs ríkissjóðs (17% af VLF 2009)
- Vaxtareikningur ríkissjóðs var 150 milljörðum hærri 2009 en 2007 (128 milljarðar nettó)
- Ríkissjóður stendur frammi fyrir hærri vaxtaútgjöldum til fyrirsjáanlegrar framtíðar
- Til viðbótar kemur hefðbundið tekjufall og útgjaldaaukning vegna falls VLF
- Óraunhæft að öll aðlögun verði á útgjaldahlið

Hvað má hallinn verða mikill?

- Eftir því sem halli er lengur á ríkissjóði hækkar vaxtareikningurinn til lengri tíma
- Uppsafnaður halli 2009 – 2013 verður að takmarkast við 30% - 35% af VLF
- Ekki skynsamlegt að búa til hærri vaxtareikning til viðbótar við allt annað
- Viðfangsefni ríkisfjármála á síðari hluta áratugarins verður að greiða niður skuldir

Aðlögunarþörfin

- Skattar og útgjöld að hluta til breytast sjálfkrafa eftir stöðu efnahagslífsins og mynda sjálfvirka sveiflujafnara
- Hvaða breytingar þarf að gera á útgjöldum og sköttum til þess að ná hallanum niður?
e. Discretionary measures
- Við gerð stöðugleikasáttmálans 27. júní 2009 var miðað við 119 milljarða á árunum 2009 - 2011

Stöðugleikasáttmálinn

- Samstaða um að 45% af aðlögunarþörfinni á árunum 2009 – 2011 yrði mætt með skattahækkunum (54 milljarðar)
- Áhersla á praktískar lausnir en ekki hugmyndafræðilega sigrar
- Sem þýðir: Hækka álögur eins lítið og hægt er til þess að ná í skatttekjurnar
- Hugsa um tekjuöflunarhæfni skattkerfisins

Áorðnar skattahækkunar

Skattahækkunar 2010 og 2009 samtals	
Skattahækkunar 2010	Mia. kr.
Tekjuskattur einstaklinga	14,0
Fjármagnstekjuskattur	4,6
Tekjuskattur lögaðila (2011)	2,5
Tryggingagjald, 1,65%	12,0
Auðlegðarskattur, 1,25%	3,5
Áfengi og tóbak, 10%	1,1
Bensín- og olíugjald, 3%	0,6
Bifreiðagjald	0,5
Virðisaukaskattur, 24,5% í 25,5%	4,0
Umhverfis- og auðlindaskattar	10,0
Samtals hækkunar 2010	52,8
Skattahækkunar 2009, heilsársáhrif	19,4
Skattahækkunar 2009 og 2010	72,2

Skattar hækkað of mikið?

- Fram hefur komið að aðlögunarþörfin hefði hækkað um 25 milljarða eða úr 119 milljörðum í 144 milljarða
- 45% eru 65 milljarðar
- Ríkisstjórnin hefur tæmt skattahækkanapokann vegna árána 2009-2011
- Útgjaldahliðin mun þurfa að bera aðlögun 2011
- Erfiðar ákvarðanir framundan – nauðsynlegt að hefjast strax handa

Mat á skattahækkunum

- Tekjuskattur einstaklinga
 - Þriggja þrepa kerfi afturför
 - Meiri kostnaður við utanumhald
 - Óánægja vegna eftirágreiðslna
 - Óánægja vegna mismununar milli hjóna
- Tekjuskattur fyrirtækja
 - Arður milli fyrirtækja
 - Einkahlutafélög og reiknað endurgjald
 - 18% skatthlutfall

Mat á skattahækkunum frh.

- Fjármagnstekjuskattur
 - Verðbólgan úrslitaatriði við 18% hlutfall
- Vörugjöld
 - Mismunun og neyslustýring á ný
 - Syndaskattarnir – hvenær duga þeir?
- Skattar á umferð
 - Nauðsynjaskattar – með elstu sköttum
- Kolefnis- og orkuskiattar
 - Samkeppnishæfni

Mat á skattahækkunum frh.

- Virðisaukaskattur
 - Af hverju ekki að hækka 7% þrepið?
- Atvinnuþryggingargjald
 - Hver greiðir fyrir atvinnuleysið?
- Auðlegðarskattur
 - Hvað fer mikil vinna í skattstofninn?

Framhaldið

- Ekki hækka skatta meira fyrir 2011
- Örugglega þarf að sníða agnúa af nýjustu breytingunum
- Af hverju á ekki að skattleggja lífeyrissjóði?
- Stór skattanefnd boðuð

Lokaorð

- Það þarf að finna pláss í ríkisbúskapnum fyrir miklu hærri vaxtagreiðslur
- Skattahækkanir óumflýjanlegar og skattar verða væntanlega háir næsta áratuginn
- Niðurgreiðsla skulda er forgangsmál hjá ríkissjóði
- Langtímasjónarmið nauðsynleg
- Hámarka tekjuöflunarhæfni skattkerfisins